

11.10.2016

Fundur með stjórn, veiðinefnd, sýninganefnd og göngu- og skemmtinefnd.

Mættir: Heiðar, Erla, Tóti, Jens Magnúns, Þórhallur, Sigrún, Elsa Hlín, Þórgunnur, Guðrún Rakel, Arnar, Sólrún, Kári, Víðir, Ævar, Kristján og Guðbjörg.

Fundur settur

- Rætt var um framkvæmd veiðinámskeiðs með Trond Gjotterud 30. Júní-2. Júlí 2017
- Heiðar sýnir tölfræði um þróun nýliðunarmála í veiðiþrófum síðustu ára og ýmsar hugmyndir ræddar um hvernig halda megi við nýliðun þar.
- Rætt var um nýliðun í deildina almennt og hvernig best væri að hvetja fólk til að nýta sér starfsemi og viðburði deildarinnar.
- Farið yfir dagskrá sumarsins.
 - ✓ Staðsetning Deildarviðburðar ákveðin og verður hann í Húsafelli þetta árið.
 - ✓ Prófstjórum raðað niður á veiðiþróf sumarsins.
 - ✓ Starfsfólk Deildarsýningar.
- Meðlimir Veiðinefndar fara yfir hvernig opnar æfingar í Sólheimakoti gengu þetta árið og ræddar hugmyndir um hvort eða hvernig hægt væri að hafa víðtækari opin hús t.d. sýningaþjálfun, veiðiæfingar, fyrirlestrar og spjall.
- Lagt til að halda opna sýningu á vegum deildarinnar í febrúar og er það mál í skoðun.
- Stigagjöf stigahæstu hunda á veiðiþrófum rædd. Eftir miklar og fræðandi umræður var komist að þeirri niðurstöðu að halda fyrirkomulagi stigagjafar óbreyttu.
- Á opnum félagafundi kom upp umræða um opnun rakkalista. Farið var yfir þau mál og ákvörðun tekin um að opna listann. Undirbúningur fyrir opnun listans er því kominn í ferli.
- Göngu- og skemmtinefnd lét í ljós þörf á meiri mannskap í nefndina til að halda uppi þeim viðburðum sem nefndin hefur séð um. T.d. Göngur, skemmtikvöld og hvolpahittinga. Sýninganefnd mun koma meira að sýningaþjálfunum.
- Farið yfir framkvæmd Meistarakeppni 22. Október. Velt upp hugmyndum varðandi ástæður trega til skráninga í keppnina.

Fundi slitið

Sigrún Guðlaugardóttir